


Lífsgæðakjarni í Holtahverfi – Þursaholt 1-3 og 2-12

Borist hefur bréf frá Búfesti þar sem tilkynnt er um skil á lóðinni Þursaholt 2-12. Um er að ræða 11.697 m² lóð þar sem byggja má allt að 14.972 m² hús auk allt að 4.094 m² bílakjallara. Á lóðinni var fyrirhugað að byggja allt að 132 íbúðir í fjórum húsum, þar af voru tvö þeirra ætluð fyrir EBAK (félag eldri borgara) með 62 íbúðum.





Uppbygging lóðar skv. samþykktri teikningu


Þann 5. október 2023 samþykkti bæjarráð erindisbréf fyrir vinnuhóp vegna uppbyggingar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara og er gert ráð fyrir að vinnan fari af stað fljótlega.

Akureyrarbær hefur nú þegar úthlutað lóð fyrir hjúkrunarheimili á lóð vestan við Síðuskóla og er gert ráð fyrir að þar megi byggja um 6.000 m² hús á fjórum hæðum með allt að 80 hjúkrunarrýmum.



Nýlega bárust fréttir um að verið væri að breyta reglum um uppbyggingu hjúkrunarheimila og gert ráð fyrir að ríkið muni ekki lengur að sjá um byggingu þeirra heldur frekar leigja rýmin. Þá er ekki lengur gert ráð að sveitarfélög þurfi að greiða 15% af byggingarkostnaði.

Í ljósi þess að Akureyrarbær hefur nú fengið til baka stóra lóð þar sem m.a. var gert ráð fyrir uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara er spurning hvort að ekki megi skoða þá hugmynd að byggja upp lífsgæðakjarna á lóð Þursaholts 2-12. Yrði þá lóðin auglýst til uppbyggingar fyrir hjúkrunarheimili auk íbúða fyrir eldri borgara.



Fótspor 6.000 m² hjúkrunarheimilis á 4 hæðum á lóð Þursaholts 2-12.

Ef af verður mætti hugsanlega bæta tveimur fjölbýlishúsalóðum við Lífsgæðakjarnann en skv. gildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja samtals 30 íbúðir.



Staðsetningin



Um 350 m fjarlægð í eina af fáu óröskuðu strandlengjum á Akureyri

Um 500 m fjarlægð frá smábátahöfninni í Sandgerðisbót

Um 800 m fjarlægð með bíl í Bónus Langholti

Um 650 m fjarlægð fyrir gangandi í Bónus Langholti

Um 1,8 km fjarlægð með bíl í Norðurtorg

Um 1,2 km fjarlægð með bíl í heilsugæsluna í Sunnuhlíð